

Ed.

406. Frumvarp til laga

[239. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal fimmtíu aurum eða lægri fjárhæð sleppt, en hærri fjárhæð en fimmtíu aurar hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tillögu Seðlabanka Íslands, sem telur tímabært að fá heimild til að leggja niður notkun 10-eyringa og 50-aura peninga, þannig að krónan yrði lægsta mynteining í umferð.

Rök fyrir lagabreytingu þessari eru m. a. þau, að í viðskiptum manna á milli er það meira og meira áberandi, að heil króna er notuð sem lægsta eining kröfu, reiknings eða verðlagningar almennt. Um alllangt skeið hefur 10-eyringur ekki borist til baka til Seðlabankans eins og önnur mynt, sem útgefin er af bankanum, og kemur aftur til baka frá innlánsstofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Myntstærð þessi er orðin svo lítils virði, að fólk er almennt hætt að nota eða hirða um hana. Hins vegar er það svo, að meðan þessi myntstærð er lögeyrir í allar greiðslur, er Seðlabankanum skylt að halda áfram sláttu þessarar myntar, þótt kostnaður við sláttu hvers 10-eyrings sé frá 36—40 aurar.

Í nágrannalöndum okkar eru lægstu mynteiningar margfaldar miðað við lægstu mynteiningu okkar, t. d. er lægsta mynteining í Danmörku 5 aurar danskir, sem jafngilda um 66 aurum íslenskum, og í Englandi er lægsta mynteining hálf penny, sem jafngildir um 97 aurum íslenskum.

Með reglugerð viðskiptaráðuneytisins frá 3. desember 1968, sem sett var með heimild í 8. gr. laga frá 23. apríl 1968, var ákveðið, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skyldi greind með heilum tug aura. Gekk mjög vel að framkvæma þá breytingu og þótti hún sjálfsögð.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því í reglugerðarsetningu, að aurar séu eftir sem áður til sem eining í gjaldmiðlinum, þótt sláttu 10 aura og 50 aura peninga sé hætt. Yrði það þannig, að vörur og þjónusta má áfram verðleggja í aurum, en heildaruppgjörsfjárhæð kröfu eða reiknings sé ávallt sléttuð út miðað við heila krónu. Þetta hefur það í för með sér, að í reikningum eru einstakir liðir í aurum (innan striks), en samtala reiknings ávallt sléttuð út miðuð við lægstu slegnu einingu og á þetta við, þegar greiðsla fer fram í reiðu fé. En jafnframt er þá gert ráð fyrir því, að greiðslur, sem fara fram með öðrum greiðsluhætti en reiðu fé, t. d. bankatékka, geti verið í aurum, þar sem færsla fer á milli reikninga í banka. Reglugerðarheimildin á því að eiga við greiðsluháttinn einan.

Er þetta sama aðferð og farin hefur verið í Danmörk frá byrjun fyrra árs um hliðstætt tilvik.